





## Veturinn 2016-2017

**Umsjónarkennari:** Kristín Ólafsdóttir

**Námstilhögun og kennsluaðstæður:** Í áttunda bekk eru 26 nemendur í einni bekkjardeild. Kennnt er í stofum 202 og 203 á efri hæð. Kennsluhættir eru hefðbundin faggreinakennsla.

**Hæfniseinkunn:** ástundun, vinnubrögð, verkefni, vinnubækur, kannanir og próf eru metin til einkunna eftir meðfylgjandi námsmatskvarða. Nemendur og foreldrar geta fylgst með framvindu námsins á [www.mentor.is](http://www.mentor.is)

	Framúrskarandi	<b>A</b>
	Hæfni náð	<b>B</b>
	Á góðri leið	<b>C</b>
	Hæfni ekki náð	<b>D</b>

### Íslenska

**Kennslustundir eru 6 á viku**

**Kennari:** Guðlaugur Viðar Valdimarsson

**Markmið:** Stefnt er að því að nemendur fái sem gleggst yfirlit yfir aðalatriði greiningar á rituðu máli og töluðu, án þess að áhersla sé lögð á undantekningar eða smáatriði. Nemendur þurfa að kunna að nota helstu hugtök sem geta aukið skilning þeirra á málinu. Nemendur geti lesið texta og náð innihaldi hans. Að þeir geti svarað efnislega og ályktað út frá texta. Jafnframt er tilgangurinn að hvetja nemendur til lestrar.

Einnig að þjálfa nemendur í ritun móðurmálsins, notkun orðabóka, efla almenna málnotkun og örva frásagnargleði þeirra í rituðu máli.

**Námsefni:** Egils saga Skalla-Grímssonar (endursögð)

Laxdæla

Innrásin frá Mars

Fýkur yfir hæðir

Valið efni úr Kveikjum

Kvikmyndin Ikingut

Málið í mark – fallorð og sagnorð

Skrifinnur

Bragfræði

Verkefni til frekari þjálfunar  
Lestrarbækur að eigin vali

**Námsmat:** Símat. Verkefni, vinna og vinnubók metin til einkunnar.

## **Stærðfræði**

**Kennslustundir eru 6 á viku**

**Kennarar:**

Jón Hálfván Pétursson og Berglind Árnadóttir

**Markmið:** Að nemendur nái tökum á talnareikningi, prósentureikningi, rúmfræði, brotum, stæðum og jöfnum, ásamt skilningi á töflum og myndritum. Nemendur öðlist leikni í að nota ýmis hjálpargögn og tæki. Nemendur þjálfist í að leysa ýmsar þrautir og ræða úrlausnir þeirra.

**Námsefni** Skali 1A og 1B og Almenn stærðfræði 1. hefti.

**Heimavinna:** Ekki er gert ráð fyrir mikilli heimavinnu, eingöngu að ljúka við efni kennslustundarinnar. Heimavinnuáætlun er inni á Mentor.

**Námsmat:** Safneinkunn (kaflapróf, verkefni og þrautir).

Á vorönn er tekið lokapróf sem gildir 40% af safneinkunninni.

## **Enska**

**Kennslustundir eru 4 á viku**

**Kennari:** Monica Mackintosh

**Markmið:** Að auka færni nemenda í að skilja mælt og ritað mál og tjá sig, bæði munnlega og skriflega.

**Námsefni:** Spotlight 8 lesbók og vinnubók; Let's Go bækur. Ýmis konar aukalefni:

Léttlestrarbækur á ensku, frjáls lestur t.d. tímarit, dagblöð, lesbækur og efni af Netinu. Annað efni valið af kennurum.

**Heimavinna:** Ekki er gert ráð fyrir heimavinnu, en þá helst til að ljúka við efni kennslustundarinnar.

**Námsmat:** Símat: vinnubrögð, kaflapróf, próf, kannanir, verkefnaskil, vinnubók og stílabók. Ekki annar- eða lokapróf.

## **Danska**

**Kennslustundir eru 3 á viku**

**Kennarar:** Kristín Ólafsdóttir, Guðríður Sigurðardóttir samkennir árganginum með KÓ eina kennslustund í viku.

**Markmið:** Að nemendur geti lesið og skrifað stuttan texta með algengum orðaforða, hafi góðan framburð og skilji allt venjulegt talað mál í tengslum við námsefnið.

**Námsefni:** Smart, lesbók, verkefnabók og hlustunarefni. Tænk, lesbók, verkefnabók og hljóðspóla.

Hringekja ( verkefni frá kennurum )

Hvad siger du B með hljóðspólu

Sofies dagbog

Dumme sms'er

Auk þess eru notuð hljómbönd, myndbönd, ýmis önnur verkefni og ýmsar lestrarbækur.

**Námsmat:** Matið byggist á unnum verkefnum og stílabók, verkefnum úr lesbók, kaflaprófum, ritunarverkefnum og verkefnum unnum í hringekju

## Náttúrufræði

**Kennslustundir eru 4 á viku**

**Kennari** Guðbjörg Halla Magnadóttir

**Námstilhögun:** Vetrinum er skipt í tvær annir. Á fyrri önninni er kennd líffræði og á þeirri seinni verður eðlisfræði til umfjöllunar.

## Líffræði

**Kennari:** Guðbjörg Halla Magnadóttir

**Markmið:** Að nemendur kynnist skiptingu lífvera í hópa, fjallað um einkenni og gerð lífvera í hverjum þeirra (bakteríur og veirur, þörungur og frumdýr, sveppi og fléttur, plöntur, dýr og að lokum verður atferli dýra skoðað).

**Námsefni:** Lífheimurinn. Litróf náttúrunnar

**Námsmat:** Vinnueinkunn gildir 30% (svo sem kurteisi, stundvísi, vinnusemi, metnaður, ábyrgð) en safneinkunn (próf, vinnubók og ýmis verkefni) 70%.

## Eðlisfræði

**Kennari:** Guðbjörg Halla Magnadóttir

**Markmið:** Fjallað um grundvallarhugtök eðlisfræðinnar. Rafmagn, hljóð, varmi og veður og ljós. Unnið bæði verklega og bóklega.

**Námsefni:** Eðlisfræði 1 – Litróf náttúrunnar

**Námsmat:** Vinnueinkunn gildir 30% (svo sem kurteisi, stundvísi, vinnusemi, metnaður, ábyrgð) en safneinkunn (próf, vinnubók og ýmis verkefni) 70%.

## Samfélagsfræði

**Kennslustundir eru 3 á viku**

**Kennari:** Kristín Ólafsdóttir.

**Námstilhögun:** Fyrir áramót verður kennd landafræði, Eftir áramót verður saga Íslands á 20. öldinni kennd.

**Námsefni:** Um víða veröld - Jörðin

**Markmið:** Að nemendur geti:

- greint margs konar gögn og túlkað margvíslegar heimildir,
- fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður,
- útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði,
- gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar með hliðsjón af sjálfbærri þróun,
- nýtt sér margvíslega tækni í þekkingarleit og miðlun þeirrar þekkingar á ábyrgan og gagnrýninn hátt,
- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.

**Efnisþættir:** Saga jarðar, flekaskil, bergtegundir, landrek, útræn öfl (vindar, vatn, regn og jöklar) og innræn öfl (eldgos og jarðskjálftar), ytri áhrif af mannavöldum. Bauganet jarðar, tákni á landakortum og mælikvarði korta, Lagskipting gufuhvolfsins, ósonlagið, gróðurhúsaáhrif, geislar sólar, árstíðirnar, hitafar, vindar, úrkoma, gróðurbeltin. Heimshöfin og hafstraumar, Golfstraumurinn, öldur og sjávarföll, fiskveiðar í heiminum, málmar í sjó, orka úr hafinu, vatnarækt, yfirráð yfir hafinu, . Lífrænt eldsneyti (viður, jarðefnaeldsneyti, steinkol, olía og jarðgas), ásóknin í olíu. Endurnýjanlegir orkugjafar (lífefnaeldsneyti, vatnsafl, vind- og sólorka. Orka á Íslandi. Óréttlát skipting auðlinda.

**Námsmat:** Símat: Öll verkefni, ásamt vinnubók eru metin auk kannana.

**Námsefni:** Saga Íslands á 20. Öldinni.

**Markmið:** Að nemendur geti:

- sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabilið, atburði, persónur, menningatengsl og þróunarferla,
- greint margs konar gögn og túlkað margvíslegar heimildir,
- nýtt sér margvíslega tækni í þekkingarleit og miðlun þeirrar þekkingar á ábyrgan og gagnrýnninn hátt,
- komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra
- rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda.

**Efnisþættir** Fjallað verður um þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta. Fjallað verður um umskiptin sem urðu á Íslandi í upphafi 20. aldar. Fjallað verður um helstu áfangana í sjálfstæðisbaráttunni, tilkomu stéttastjórnsmála, heimskreppuna og seinni heimsstyrjöldina og áhrif hennar á íslenskt samfélag.

**Námsmat:** Símat: Öll verkefni, ásamt vinnubók eru metin auk kannana.

## Íþróttir

**Kenndar eru 4 kennslustundir á viku:**

**Sund 2 stundir og íþróttir 2 stundir**

**Kennarar:** Árni Heiðar Ívarsson, Atli Freyr Rúnarsson, Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Jón Hálfán Pétursson, íþróttir og sund.

**Markmið:** Að efla líkamsþroska og heilsu nemenda og vekja hjá þeim áhuga á reglubundinni íþróttaiðkun og líkamsrækt.

**Námstilhögun og kennsluáðstæður:** Árganginum er kennt í 2 hópum í leikfimi, einu sinni í viku tvo tíma í senn. Í sundi eru 2 hópar tvisvar í viku.

**Námsmat:** Prófað er í lok skólaárs í samræmi við námsferil vetrarins, auk þess er mæting, framkoma og virkni metin til einkunnar.

## Lífsleikni

**Kennslustund er 1 á viku allan veturinn**

**Kennari:** Kristín Ólafsdóttir

**Námstilhögun:** Unnið verður með Uppbyggingarstefnuna (bekkjarsáttmáli) ásamt bekkjarfundum í takt við Olweus-eineltisáætlun. Hópefli og sjálfstyrking í gegnum verkefni og leiki. Auk þess mun Elisabet Lorange halda sjálfstyrkingarnámskeið með 8.bekk á haustönn

**Markmið:** Að efla sjálfstraust, félagsþroska og námshæfni nemenda.

**Námsefni:** Gögn varðandi uppbyggingarstefnuna og fleira.

## Valgreinar

Nemendum 8. bekkjar er gefinn kostur á að velja milli nokkurra greina. Eftirfarandi greinar eru kenndar í vetur:

Tölvuval, trésmíðar, fatasaumur, heimilisfræði, skólahreysti, þrjón og hönnun, ljós og hljóð, námsaðstoð, Fab-Lab, dans, leiklist, ljósmyndun spilað á gítar, auk þess sem nám í tónlistarskólanum og íþróttaiðkun er metið sem val. Aðeins er hægt að fá hvort metið einu sinni þó verið sé að læra á fleiri hljóðfæri eða æfa fleiri en eina íþrótt.

Nemendur þurfa að skila 7 stundum á viku í vali. Í valfögum er mismunandi stundafjöldi, stundum er nemandi í fleiri fögum hálfan veturinn en tímafjöldinn á að vera 37 að meðaltali yfir veturinn.

## Heimilisfræði – val

**Kennari:** Guðlaug Jónsdóttir.

**Kennslustaður:** Heimilisfræðistofa 119.

**Kennslustundafjöldi:** Sem samsvarar 2 kennslustundum á viku hálfan veturinn (til skiptis 80 og 100 mínútur).

**Námstilhögun:** Að mestu leyti verkleg kennsla en einnig fræðsla og umræður um ýmislegt sem fellur undir markmiðin hér að neðan samhliða verklegri kennslu. Kennt til skiptis í 100 mínútur og 80 mínútur. Auka 20 mínúturnar klípast aftan af tímabilinu.

**Námsgögn:** Matur og menning, Næring og lífshættir, Heimilisfræði unglíngastig uppskriftir, annað efni frá kennara.

**Markmið:** – að nemendur:

- geti skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir með áherslu á hagkvæmni og nýtni
- þjálfist í vönduðum vinnubrögðum með áherslu á snyrtimennsku, frumkvæði og skipulag
- læri að beita helstu matreiðsluaðferðum
- geti greint frá viðbrögðum við slysum á heimilum
- geti tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti, tengsl þeirra við gott heilsufar og séu meðvitaðir um eigin ábyrgð í þeim málum
- auki þekkingu sína um sjálfbærni, læri að setja viðfangsefni í samhengi við hana (umgengni, endurnýting, sparnaður, jafnrétti, lýðræði, hreinleiki) og átti sig á uppruna helstu matvæla
- geti skilið og rætt mismunandi umbúðamerkingar og metið útlit og gæði matvæla með tilliti til neitendaverndar
- geti útskýrt mismunandi geymsluaðferðir á mat og tileinki sér þekkingu á aukefnum í mat
- geti tjáð sig á einfaldan hátt um matarmenningu okkar og fái innsýn í matarmenningu annarra þjóða
- geri sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum heimilishalds, læri að meta útlit og gæði matvæla og geti útskýrt hvernig á að geyma þau
- geti tjáð sig um rétt sinn og skyldur sem neytanda, tekið ábyrgð á eigin útgjöldum og skuldbindingum og verið meðvitaður um áhrifamátt auglýsinga
- geti nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla

**Námsmat:** Vinna og hegðun metin í hverjum tíma. Samanburður á hæfni nemenda miðað við markmið – yfirfarið í lok tímabils. Heildareinkunn gefin í bókstöfum.

## Fata/bútasaumur

**Kennslustundafjöldi:** 2 stundir á viku hálfan veturinn.

**Kennari:** Fríða Rúnarsdóttir

**Markmið:**

Að nemendur:

- læri að þekkja helstu vefjarefni og meðferð þeirra
- læri að taka upp snið úr tískublöðum, sníða og sauma flíkur
- hafi þróað með sér ákveðinn stíl í lok námskeiðs og kunni undirstöðuatriðin í hönnun

**Kennsluaðferðir:** Einstaklingsvinna með aðstoð kennara. Áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð og eigin útfærslu á verkefnum.

**Verkefni:** Leggings og bolur með einföldu sniði. Ef nemendur hafa séróskir þá er tekið tillit til þeirra.

**Námsmat:** Vinnubrögð, ástundun og áhugi.

## Leiklist

**Kennari:** Jóhanna Ása Einarsdóttir

**Kennslustundir:** 2 á viku allan veturinn\*

**Markmið:**

- að nemandi kynnist grunnþáttum leiklistar.
- að nemandi auki tjáningarþor sitt.
- að nemandi þjálfist í að koma fram.
- að nemandi kynnist vinnu sem snýr að uppsetningu leiksýningar og stærri verkefna.
- að nemandi byrji að kynnast sínum innri trúð.

**Námstilhögun:** Í ágúst og september verður farið í grunnþætti leiklistar í gegnum ýmiskonar leiki og æfingar. Í október og nóvember verða æfingar vegna uppsetningar á leikriti sem verður frumsýnt á 1. des hátíð skólans, leikritið er hluti að þjóðleik. Eftir áramót verður leikritið æft upp aftur til að taka þátt í lokahátíð þjóðleiks.

**Námsmat:** Mat í leiklist er mjög persónulegt og fær hver nemandi umsögn frá kennara í lok vetrar.

*\*Í tengslum við uppsetningar bæði fyrir 1. des og Þjóðleik munu verða miklu fleiri æfingar en sem þessu nemur á öðrum tímum en getið er um í stundatöflu, í staðinn verða tímar felldir niður á mótí þegar rólegra er. Þó má búast við að samanlagðir tímar yfir veturinn verði töluvert fleiri en 72.*

## Prjón og hönnun

**Kennari:** Fríða Rúnarsdóttir

**Kennslustundafjöldi:** 2 stundir á viku

**Markmið:** að nemendur:

- geti fylgt uppskrift og jafnvel breytt eftir eigin hugmyndum
- læri að þekkja muninn á ullar/bómullargarni og garni úr gerviefnum.

**Kennsluaðferðir:** Nemendur velja það verkefni sem þeir vilja gera með aðstoð kennara.

**Námsmat:** Vinnubrögð, vandvirkni og ástundun.

**Verkefni:** Ýmis verkefni eru í boði; lopapeysur, barnapeysur, vettlingar, húfur o.fl.

**Námsmat:** Einkunn gefin að vori.

## Myndmennt

**Kennslustundir eru 2 á viku hálfan veturinn í 2 hópum**

**Kennari:** Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

**Markmið:** - Þekkja helstu myndlistarstefnur og listamenn sem vinna innan stefnunar.

-kynnist nútímalistasögu og sérstaklega konseptlista-

stefnunni, skoði og fjalli um verkin og nýtt sér

upplýsingamiðla til þess að bæta við þekkingu sína á

nútímalist t.d. skoði vefsíður og vefsýningar um nútímalist

og geri sína eigin síðu á [www.tackk.com](http://www.tackk.com)

-Greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat.

- Þekki hlutföll líkamans og vinni verk tengd andliti og

líkama, bæði í tvívídd og þrívídd og skoði mismunandi sýn

listamanna á mannlíkamanum á ólíkm skeiðum

listasögunnar. Þekki hugtakið Portrettmynd, skoði dæmi

og vinni verk.

-finni sér í samráði við kennarann þær aðferðir og þá

tækni sem hentar þeim best til þess að koma hugmyndum

sínum á framfæri.

-temji sér sjálfstæð, góð og frumleg vinnubrögð.

-rýnt í eigin verk og annarra á gagnrýninn hátt.

-sæki söfn og sýningar þar sem því verður við komið.

**Námsmat:** Einkunn gefin í bókstöfum og umsögn um vinnubrögð, ástundun.

## Skólahreysti

**Kennslustundir eru 2 á viku allan veturinn**

**Kennari:** Guðný Stefanía Stefánsdóttir

**Markmið:** Að nemendur setji sér ákveðið markmið og undirbúa þjálfun sem miðar að því

Að nemendur taki ábyrgð á eigin þjálfun

Að nemendur læri um upphitun, þol, kraft og hreyfiproska

**Lýsing:** Þessi valgrein er hugsuð fyrir þá nemendur sem hafa hug á að keppa í skólahreysti næsta vetur. Í desember verður valið hverjir þjálfa sig áfram fyrir skólakeppnina. Þeir munu halda áfram í skólahreystivali eftir áramót

## Næringafræði

**Kennslufjöldi:** 2 stundir á viku, hálfan veturinn

**Kennari:** Atli Freyr Rúnarsson

**Markmið:** Að nemendur læri á grunnþætti næringafræðinar þ.e. orku- og næringarefni sem og bætiefni.

**Lýsing:** Farið verður yfir hvernig haldin er matardagbók auk þess sem skoðað er hvernig sjúkdómar geta tengst mataræði.

## Tæknivinna – ljós og hljóð

**Kennslustundafjöldi:** 1 stund á viku allan veturinn

**Kennari:** Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

**Markmið:** Að nemendur læri

- helstu þætti uppsetninga, tengingu og notkun ljósa
- Helstu þætti uppsetningu, tengingu á mixer, hátölurum

**Námsefni:** Ýmsar handbækur, ásamt þeim tækjum sem til eru í skólanum og félagsmiðstöð

**Námsmat:** Miðað við námsmat GÍ

**Námsmat:** Vinna og áhugi í tímum, ásamt sjálfstæði í vinnubrögðum bæði í tímum og á viðburðum skóla og félagsmiðstöðvar.

## Tæknilegó

**Markmið:**

- að vekja eða auka áhuga nemenda á vísindum og tækni.
- að þjálfast í grunnforritun
- að þjálfast í vinnu rannsóknarverkefna
- að þjálfa nemendur í samvinnu

Hópnum er skipt í nokkra minni hópa og hver hópur vinnur ákveðinn hluta stóra verkefnisins. Allir hjálpast að við að byggja þrautabrautina.

Unnið er að

- smíði á vélmenni úr tölvustýrðu Lego
- forritun vélmennisins
- rannsóknarverkefni um ákveðið efni



- dagbók
- skemmtiatriði

Stefnt er að því að taka þátt í keppni í Reykjavík þar sem allir þessir þættir þurfa að vera.

#### **Námsmat:**

Lykilhæfnipættir sem metnir verða eru:

- ábyrgð
- þrautseigja
- frumkvæði og áráðni
- samskipti og samstarf
- námsvitund
- tjáning

**Kennari:** Jón Hálfán Pétursson

## **Fab Lab**

**Kennari:** Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

**Kennslustundafjöldi:** 2 stundir á viku, hálfan veturinn

#### **Markmið:**

- að nemendur nýti sitt eigið frumkvæði og sköpun.
- að nemendur kynnist heildarferli þess að hanna og búa til eigin vöru.
- að nemendur nái tökum á grunnþáttum þeirra forrita sem notuð eru í FabLab, t.d. Inkscape og Google Sketchup, og geti unnið sjálfstætt í þeim.
- að nemendur kynnist tækjum í stafrænu FabLab smiðjunni, nái tökum á notkun þeirra og geti nýtt þau til að búa til frumgerð söluvörunnar eða þróa hugmyndir sínar.

**Námsþættir:** Vinna í tölvuveri og stafrænni FabLab smiðju.

**Kennslugögn:** Af neti og tekin saman af kennara.

## **Líkamsrækt og þjálfun**

Þetta val er aðeins fyrir nemendur sem ekki æfa neinar íþróttir

**Markmið:** Nemendur fari í fjölbreyttar líkamsræktartegundir ásamt því að ræða um matarræði og heilbrigðan lífsstíl.

**Námsþættir:** Flestar tegundir líkamsræktar sem hægt er að stunda hér í bæjarfélaginu ásamt útivist og hreyfingu.

**Kennslugögn:** Nauðsynlegt er að nemendur hafi fatnað við hæfi hvers tíma og aðgang að reiðhjóli.

**Kennslustundafjöldi:** 2 stundir á viku hálfan veturinn.

**Kennari:** Guðný Stefanía Stefánsdóttir

## **Skák**

**Markmið:** Að nemendur kynnist reglum skáklistarinnar og helstu byrjunum.

**Námsefni:** Ýmis gögn frá kennara

**Námsmat:** Ástundun og framfarir.

**Kennslustundafjöldi:** 1 stund á viku hálfan veturinn.

**Kennari:** Guðlaugur Viðar Valdimarsson

## Trésmíði

**Markmið:** að gefa nemendum tækifæri á að byggja ofan á þá þekkingu sem þeir hafa fengið í yngri bekkjum.

**Námsþættir:** Nemendur hanna og teikna vinnuteikningar til að útskýra hvað þeir ætla að gera og málsetja teikningar svo kennari sjái hversu stór hluturinn er. Nemendur fá aðstoð kennara við að koma hugmyndum sínum í verk. Stærð verkefna miðast við það fjármagn sem kennari hefur úr að spila vegna efniskaupa.

**Námsmat:** Byggist á þáttunum virðing, samhugur, menntun og lokaekinn er gefin í tölustaf á vori.

**Kennslustundafjöldi:** 2 stundir á viku hálfan veturinn.

**Kennari:** Sveinbjörn Guðjón Magnason

## Dans

**Kennslustundafjöldi:** 1 stund á viku allan veturinn.

**Kennari:** Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir

**Markmið:** Að nemendur

- efla kynni sér ýmsa strauma og stefnur í dansi
- Sýni frumkvæði í sköpun
- Taki ábyrgð á eigin námi
- Nemendur geti unnið sjálfstætt

**Námsþættir:**

Freestyledansar, Hip hop og þeir dansar sem eru í tísku hverju sinni nemendur skapa sinn eigindans Ennfremur sýna nemendur dansa við ýmis tækifæri.

**Námsmat:** Miðað við námsmat GÍ

## Spilað á gítar

**Markmið:** nemendur læri gítarhljóma og nöfn þeirra, geti spilað lög sem þeim líkar og læri að stilla og hugsa um gítarinn. Þeir sem treysta sér til geta æft söng með gítarkennslunni.

**Námsefni:** Nemsndur þurfa sjálfir að koma með kassagítar.

**Fyrirkomulag kennslu:** Hópakennsla og þess ber að geta að kennarinn talar aðeins ensku.

**Kennslustundafjöldi:** 2 stundir á viku hálfan veturinn.

**Kennari:** Eggert Nielsen

## Ljósmyndun

Þeir sem velja ljósmyndun verða að koma sjálfir með stafræna myndavél.

**Markmið:** Nemendur læri um undirstöðu ljósmyndunar, ljósop, hraða, dýptarskerpu o.fl. og geti unnið myndir í einföldum forritum.

**Námsþættir:** Notkun myndavélar, myndvinnsla í tölvum, uppbygging myndefnis.

**Kennslugögn:** Stafræn ljósmyndun-nemendaefni 2007, eftir Karl Jeppesen og Martein Sigurgeirsson.

**Kennslustundafjöldi:** 2 stundir á viku hálfan veturinn.

**Kennari:** Árný Hebertsdóttir